

15. Frumvarp

til laga um afnám biskupsembættisins.

(Lagt fyrir Alþingi 1923).

1. gr.

Biskupsembættið skal lagt niður. Vigslubiskuparnir annast vigslur.

Að öðru leyti skal störfum þeim, er nú hvíla á biskupi, með konungsúrskurði skift á milli stjórnarráðs, vigslubiskupa og prófastanna.

Athugasemdir við frumvarp þetta.

Það er ekkert nýmæli sem hjer er farið fram á.

Á þinginu 1881 kom fram frumvarp um afnám biskupsembættisins. Flutningsmenn voru 5. En frumvarpið kom aldrei til umræðu. Á Alþingi 1891 kom aftur fram frumvarp um að þetta embætti skyldi lagt niður, ásamt amtmanna- og landshöfðingjaritaraembættinu. En frumvarpsgreinin um afnám biskupsembættisins var feld eftir aðra umræðu í neðri deild með 10 atkv. gegn 9. Á Alþingi 1903 var borið fram frumvarp um aðra skipun á biskupsembættinu og skyldi það sameinað forstöðumannsembættinu við prestaskólann. Frumvarp þetta var samþykkt í neðri deild með öllum atkvæðum gegn 2, en í efri deild var það afgreitt með rökstuddri dagskrá. Loks var samþykkt á Alþingi 1905 þingsályktunartillaga um að skora á landsstjórnina, að veita ekki biskupsembættið, þó það losnaði, fyr en ræddar hefðu verið tillögur millipinganefndar í kirkjumálum.

Á þessu má sjá að ekki hefir verið kyrt um biskupsembættið síðustu 40 árin. Enda mun það í seinni tíð hafa vakað fyrir mörgum, að embættið væri að miklu leyti óþarft. Á meðan landshöfðingjaembættið var við líði, vildu menn skifta störfum biskups milli þess og prófaste landsins. Nú er sjálfsagt að skifta störfunum aðallega á milli stjórnarráðs og prófaste.

Erindisbrjef fyrir biskup á Íslandi er frá 1. júlí 1746, og eru störf þeirra talin þar upp. En þau hafa breytst að mun við seinni löggjöf, sem hefir dregið úr biskupsvaldinu. Biskupsstörfin eru nú aðallega sem hjer greinir.

1. Biskup vísiterar landið við og við. Á þessum ferðum mun biskup líta eftir kirkjum og munum eða gripum þeirra, spyrjast fyrir um sambúð prests og safnaðar o. fl. Yfirleitt mun mega segja, að þessar vísitásiuferðir komi að litlu gagni. Enda ber þess að gæta, að próföstum ber að jafnaði árlega að vísitera allar kirkjur í prófastsdæminu.

2. Biskup á að sjá um að prestar húsvitji prestaköll sín, að prestar haldi fyrirskipaðar embættisbækur og færi þær vel, að nóg sje til af guðsorðabókum í landinu, að prestar kenni rjetta lærdóma þjóðkirkjunnar. Þetta eftirlit mætti sem best fela próföstum.

3. Biskup framkvæmir vigslur. Þessi störf mundu að sjálfsögðu verða falin vigslubiskupunum, sem nú samkvæmt lögum um vigslubiskupa 30. júlí

1909 vígja presta í forföllum biskups, og einnig biskup, ef svo stendur á að hinn fráfarandi biskup getur ekki gert það.

4. Biskup á forsæti á synodus, sbr. tilsk. 23. ág. 1904. Á synodus er nú aðallega ekki annað gert en að ræða ýms kirkjuleg málefni og aðalstarf biskupsins er því að stýra þessum klerkafundi. Forsæti synodusar mætti vel fela vígslubiskupnum í Skálholtsbiskupsdæmi hinu forna.

5. Biskup veitir fermingarleyfi. Þau mundu verða falin próföstum til afgreiðslu.

6. Biskup auglýsir laus prestaköll, og sendir landsstjórninni skýrslu um hver sótt hafi, og hvort umsækjendur fullnægi kröfum til prestsskapar. Þá er prestskosning hefir farið fram eru atkvæðaseðlar sendir til yfirkjörstjórnarinnar í Reykjavík, en í henni á biskup sæti, sem telur upp atkvæðin (sbr. lög um veitingu prestakalla, 3. nóv. 1915). Það virðist með öllu óþarfa umstang, að láta talningu atkvæða fara fram í Reykjavík. Miklu einfaldara og jafntrygt að láta hlutaðeigandi prófast og 2 menn í hjerði telja atkvæðin. Hinum öðrum störfum biskups samkvæmt nýnefndum lögum er vandalaust að skifta á milli stjórnarráðs og prófosta.

7. Biskup hefir enn þá umsjón yfir nokkrum sjóðum, flestum smáum, stærstur er hinn almenni kirkjusjóður.

8. Loks tekur biskup á móti nokkrum skýrslum frá próföstum, t. d. yfir fædda og dána, fermda, gífta og um altarisgöngur og messuföll.

Með framanskráðu þykir vera gjörð grein fyrir því, að það sje engum vandkvæðum bundið að afnema þetta embætti. Dagleg skrifstofustörf biskups munu ekki vera umfangsmikil, svo skrifstofukostnaður stjórnarráðsins mundi ekki vaxa neitt að mun, þótt ýms af skrifstofustörfum biskupsembættisins yrðu lögð undir það. Hins vegar er einnig störfum þeim, er lögð yrðu undir prófastana, þannig varið, að þau ættu ekki að þurfa að hafa neinn nýjan kostnað í för með sjer.

Við afnám biskupsembættisins mundi því rikissjóði sparast árlega:

1. Laun biskups nú . . .	kr. 9500,00
2. Skrifstofukostnaður . . .	— 3500,00
3. Visítasíuferðir 1922 . . .	— 1200,00

Alls kr. 14200,00

Þó verður að geta þess, að þar sem vígslubiskupnum öðrum verður falið að vígja presta, verður árlega að gera ráð fyrir einhverri upphæð til greiðslu ferðakostnaðar vígslubiskups, þegar svo stendur á, að hann þarf að takast ferð á hendur til að vígja.

Ástæðurnar fyrir því að frumvarp þetta er framkomið frá stjórnarinnar hálfu eru hinar sömu sem ástæðurnar til hinna annara breytinga stjórnarinnar á ýmsum embættum landsins, sumpart beinn sparnaður fyrir rikissjóð, sumpart óbeinn sparnaður, sem fæst við það, að millumliðir leggjast niður, en störfin sameinast sem mest á eina hönd, með öðrum orðum embættisbáknið minnar og verður alt einfaldara og því kostnaðarminna.

Ætlast er til að hin nýja skipun á biskupsembættinu komist á þegar núverandi biskup lætur af embætti.